



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ

### 1. FUNDUR Á VORÖNN 2019

FIMMTUDAGINN 10. JANÚAR KL. 12:30

#### 1. Bréf til skólaráðs

**A. Umsóknir um leyfi:**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

**B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot**

**Mat á íþróttum:**

Fimm nemendur sækja um mat á íþróttum. **Vísað til kennslustjóra í íþróttum.**

**C. Önnur bréf:**

Nemandi sækir um undanþágu frá stafsetningu til stúdentsprófs. **Vísað til skólameistara.**

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs

#### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Undirbúningur árs hátíðar er í fullum gangi og mun kynning á henni fara fram á opnum fundi 13. febrúar. Framundan er m.a. söngkeppni, Gettu betur, Morfis og skíðaferð.

#### 3. Önnur mál

Nýafstaðin heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í FG tókst vel. Ráðherra sýndi skólastarfinu mikinn áhuga og hreifst af fjölbreyttu námsframboði í skólanum.

**Fundinn sátu:**

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi  
Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi  
Gunnur Elísa Þórisdóttir, fjármálastjóri NFFG  
Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri  
Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi  
Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara  
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari  
Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri  
Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi  
Viktor Freyr Ómarsson, forseti NFFG